

Holur tónn

BÆKUR

„...ekki skáldsaga heldur spjall um líf fólks“

HULDUR

Eftir Önnu Dóru Antonsdóttur og Krístrúnu Guðmundsdóttur. 91 bls. Hrönn Vilhelmsdóttir gerði bókarkápu. Höfundar gefa út sjálfir, 2001.

Rammi nýútkominnar bókar sem ber heitið Huldur er bréfaskipti tveggja kvenna, Freyju og Guðbjargar. Algengt er í bréfaskáldsögum sem þessari að láta sem annar aðili rambi á bréfin af tilviljun og finni sig knúinn til að gefa þau út. Bréfin rekur hér á fjörur Halldóru lögfræðings í framtíðinni og formáli hennar er ritaður árið 2012. Fyrsta bréfið er dagsett 17. febrúar 1997 og það síðasta er skrifað í júlí á þessu ári. Þær Freyja og Guðbjörg eru gamlar vinkonur sem hafa valið ólíkar leiðir í lífinu, Freyja er fjölskyldukona sem hefur lagt drauma sína á hilluna, Guðbjörg á við geðræn vandamál að stríða, hún hefur flúið skarkala heimsins og skrifar bréf sín frá útlöndum. Freyja raskar ró Guðbjargar með glaðlegu bréfi undir því yfirskini að endurnýja gömul kynni.

Í sögunni er leikið með tíma og tungumál en það er frekar ómarkvisst. Málfar „persónanna“ endurspeglar skýrt mismunandi aðstöðu og ólíkt hlutskipti þessara tveggja kvenna. Bréfin frá Freyju eru dæmigerð íslensk sendibréf; alþýðleg og kumpánleg; fréttir af börnum, tíðarfari, gömlum kunningjum og almennt líðan. Undir niðri má þó greina einhvern brodd eða sára beiskju og ástæður þess skýrast þegar á líður. Tilgangur bréfaskriftanna af Freyju hálfu í upphafi er sá að knýja Guðbjörgu til að rifja upp atburði úr fortíðinni og ljóstra upp leyndarmáli. Bréf Guðbjargar eru samhengislausari; háfleyg, ráðvillt og angistarfull á stundum; vísanir margskonar og uppskrúfað mál víða: „Ég lifi, ég dey og undarlegt að ekkert undarlegt skuli vera til. Tómið verður ekki fyllt. Bókin sem ég las í fyrra liggur nú kolryðguð í minni mínu. Hvað er skáld. Óhamingjusöm mannvera sem geymir djúpar kvalir í hjarta sínu? Og ef andvörpin, ópin, fá að koma út um varirnar hljóma þau þá eins og tónverk eftir Jón Leifs? Stundum – alls ekki alltaf“ (25). Guðbjörg fer undan í flæmingi og svarar fáu þegar Freyja reynir að pína hana til sagna. Hún hefur valið að takast á við sorg og erfiðleika á sinn hátt; breyta þeim í ljóðrænar minningar og lífspeki í einverunni. Freyja hinsvegar heldur út í hvunndaginn og lífið, losar hnúta og greiðir flækjur (sbr. 44). Þær vinna úr sorg á ólíkan hátt en syrgja það sama.

Þema sögunnar felst í nafni hennar: huldur merkja eitthvað sem fer leynt (reyndar líka þegar holt er undir...). Konurnar tvær eiga það sameiginlegt að hafa elskað sama manninn, önnur í leynum. Í ljós kemur að Freyja, sem framan af hljómar eins og rödd skynseminnar, eyðir tíma og orku í að grufla í því hvernig ástum Baldurs og Guðbjargar hafi verið háttað, vill heyra sannleikann umbúðalaust. Hún er bæði reið og sár og lítur á Guðbjörgu sem hið illa afl sem grandaði Baldri hinum góða. Guðbjörg er háð veldi tilfinninganna, hún finnur návist mannsins sem hún elskaði hvar sem hún fer. Með síðasta bréfinu til Freyju fylgir texti sem hún skrifaði eftir jarðarför Baldurs. Í því fer einskonar lokauppgjör fram sem að vonum er mjög tilfinningaþrungið og hástemmt. Biblíuvísanirnar og orðflúið keyrir þar fram úr öllu hófi.

Form sögunnar er síður en svo nýtískulegt enda heyra bréf í umslagi með frímerki að mestu sögunni til. Efnið er engan veginn nýtt (en sígilt ef vel tekst til); ást og afbrýði,

líf og dauði; og tungutakið er raunsæislegt: málsnið samkvæmt aðstæðum og sálarástandi bréfitara. Hér eru engin stóratök við form eða inntak. Spjall um líf fólks, eins og segir í formálanum, og skáldsaga, er auðvitað ekki það sama. Hugmyndin er góð en textinn ofhlaðinn skrauti og tónninn holur.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
2001